PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288

17. tbl. 33. árg. 12 - 18. maí 2021

**TUNNAN**

**Skil fyrir auglýsingar er á þriðjudögum fyrir kl 12.**

**Líka á: www.tunnan.is**

# ÓLAFSFJÖRÐUR

## Pálshús eftir vetrardvala

## Húsið opnað kl. 14.00 laugardaginn 15. maí næstkomandi

Á sama tíma í sýningarsalnum verður listamaðurinn **Pétur Magnússon** með fjölbreytta og áhugaverða sýningu **„Lopt“.**

**Sýning Péturs stendur til 23. júní.**
*Sjá nánar á heimasíðu Pálshúss og facebooksíðu.*

**Hulda Hákon opnar sýningu 26. júní í salnum.** *(nánar síðar)*

**Helga Pálína Brynjólfsdóttir opnar sýningu 1. ágúst.**
(*nánar síðar*)



Strandgata 4 // 625 Ólafsfjörður // s: 466 2255

# Vegna lausagöngu katta

Það er ekkert eðlilegt við það, að ein gæludýrategund umfram aðrar fái að valsa óáreitt í sveitarfélaginu okkar á varptíma fugla, hvað þá allan ársins hring. Ég hvet þá íbúa Fjallabyggðar sem eru á móti lausagöngu katta að tilkynna á næstu dögum, vikum og mánuðum allt ónæði og sóðaskap sem af þeim hlýst. Það er gert með því að fara inn á fjallabyggd.is, ýta á hlekkinn **ÞJÓNUSTA**, fara svo í **Dýrahald** og ýta á **Kvörtun vegna dýrahalds** og lýsa því sem fyrir augu hefur borið.



Baráttukveðjur,

**Sigurður Ægisson**

Mynd tekin á Hvanneyrarhólnum 3. maí 2021.


ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

# Atvinna

**Íslenska Gámafélagið leitar eftir starfsmönnum til að sinna  almennri hirðingu í Fjallabyggð.**

Tilvalið starf fyrir unga kröftuga einstaklinga á öllum aldri.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar veitir Stefán í síma 840-5791

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigfúsína Stefánsdóttir,**
**Sína,**



lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands
á Siglufirði þriðjudaginn 4. maí.
Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju
laugardaginn 15. maí klukkan 14.00
að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum.

**Jón S. Björgvinsson  Ingibjörg H. Kristjánsdóttir**
**Gunnlaugur S. Vigfússon  Þóra B. Jónsdóttir**

**barnabörn, langömmubörn**
**og langalangömmubörn.**

---

Þökkum innilega samúð og vinarhug vegna andláts

**Stefáns Andrésar Þór Haraldssonar**
**Siglufirði**



Sérstakar þakkir til
starfsfólks Sjúkrahúss Siglufjarðar
fyrir einstaka alúð við umönnun hans.

**Fríða Sigurðardóttir**
**börn**
**og fjölskyldur þeirra.**

Fjallabyggð

## Bæjarskrifstofa Fjallabyggðar verður lokuð miðvikudaginn 12. maí frá kl. 13:00

Bæjarskrifstofa Fjallabyggðar verður lokuð miðvikudaginn 12. maí frá kl. 13.00 vegna námskeiðs starfsmanna.

Vinsamlegast beinið erindum ykkar á fjallabyggd@fjallabyggd.is. Einnig er minnt á þá þjónustu sem í boði er í Rafrænni Fjallabyggð. Póstkassi er staðsettur í anddyri Ráðhússins ef fólk þarf að koma inn bréfi.

Skrifstofan opnar aftur föstudaginn 14. maí kl. 8:30 og skiptiborð frá kl. 8:00-14:00.

Viðskiptavinir eru beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem lokunin kann að valda.

# TUNNA Í NÆSTU VIKU!

**Skilafrestur fyrir auglýsingar í Tunnuna, fyrir kl. 12.00 á þri.**

